

232. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 27. febrúar 2008 kl. 17.15 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Símon M. Sturluson, varamaður SMS
Berglind Axelsdóttir, BA
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Hreinn Þorkelsson, varamaður HP
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

Í upphafi fundar mynntist Gretar Árna Helgasonar heiðursborgara Stykkishólmsbæjar, sem lést í morgun.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 433, dags. 14.02.2008.

Liður 21 bréf Samgöngunefndar Alþingis varðandi frumvarp til laga um samgönguáætlun, dags. 17.01.2008.

(<http://www.althingi.is/altext/135/s/0332.html>)

Bréf Samgöngunefndar framlagt. Bæjarráð gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 22 minnisblað VST um fráveitukerfi í Víkurhverfi, samanburður á einföldu og tvöföldu kerfi, dags. 04.02.2008.

Samþykkt að lagt verði einfalt fráveitukerfi í Víkurhverfi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 24 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi XXII.

landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 06.02.2008.

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga framlagt. Kjörnir fulltrúar eru Erla Friðriksdóttir og Lárus Ástmar Hannesson. Til vara Gretar D. Pálsson og Berglind Axelsdóttir.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður 26 bréf Byggðastofnunar varðandi styrk vegna verkefnisins „Heilsuefling í Stykkishólmi“, dags. 30.01.2008.

Samþykkt að óska eftir fresti til að skila inn lokaskýrslu um verkefnið til 1. júlí 2008.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 27 bréf Siglingastofnunar varðandi fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012, dags. 31.01.2008.

Samþykkt að vísa erindi Siglingastofnunar til hafnarstjórnar.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður 28 bréf Sorpurðunar Vesturlands varðandi bókun vegna tillögu verkefnisstjórnar sorpsamlaganna á suðvesturlandi um framtíðarlausnir í úrgangsmálum, dags. 22.01.2008.

Bæjarráð er ekki tilbúið að staðfesta erindið.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Bæjarstjórn telur óljóst hvernig fjármögnun verkefnisins er háttáð, því ekki forsendur til að staðfesta erindið.

Til máls tóku: LÁH, BA,ÓG,EF og GDP

Liður 30 umsóknir um starf umsjónarmanns fasteigna.

Þessi liður er tekinn fyrir sérstaklega síðar á fundinum undir dagskrárlið 3.

Liður 31 bréf Golfklúbbsins Mostra varðandi niðurfellingu á fasteignagjöldum fyrir árið 2008, dags. 05.02.2008.

Samþykkt að veita Golfklúbbum Mostra styrk sem nemur fasteignagjöldum golfskálans á Aðalgötu 29 og ræktunarlands árið 2008.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 32 bréf Kvenfélagsins Hringnum varðandi niðurfellingu fasteignagjalda, dags. jan. 2008.

Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk sem nemur fasteignagjöldum á Aðalgötu 24 árið 2008.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 33 bréf Starfsmannafélags Leikskólans í Stykkishólmi varðandi styrk til námsferðar, dags. 07.02.2008.

Bæjarráð samþykkir að veittur sér 100.000 kr. styrkur til námsferðar til Svíðþjóðar. Bæjrráð fer fram á að skýrsla um ferðina verði lögð fram að ferð lokinni.

Breytingartillaga frá Lárusi um að greiddur verði 10.000 kr. á hvern starfsmann samtals 180.000 kr.

Breytingartillaga felld á jöfnum atkvæðum.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest með fimm atkvæðum gegn einu. Elísabet Lára er vanhæf, vegna þess að hún er starfsmaður Leikskólans í Stykkishólmi.

Lárus gerði grein fyrir atkvæðagreiðslu sinni.

Tillaga bæjarráðs um styrkveitingu til starfsmannafélaga leikskólans.

Undirritaður greiðir atkvæði á móti tillögu bæjarráðs þar sem ég tel styrkinn vera óþarflega lágan, þar sem um námsferð er að ræða. Framlag til hvers aðila verður á bilinu 5.000-6.000 kr. Ferðir af þessu tagi virka án efa jákvætt á það starf sem unnið er í leikskólanum. Ég tel einnig að móta þurfi reglur er varða framlög bæjarstjórnar til starfsmanna bæjarins til ferðalaga.

Lárus Ástmar Hannesson.

Allir tóku til máls.

Liður 34 bæjarstjóri leggur til að hafin verði gatnahönnun við Höfðagötu í samræmi við fjárhagsáætlun 2008.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 35 tillaga frá Berglindi Axelsdóttur um breytingar á deiliskipulagi.

Ég undirrituð legg til að lóðin Sundabakki 6 verði tekin út af deiliskipulagi og breytt í opið svæði.

Greinargerð:

Lóðin þar sem heitir Sundabakki 6 er erfið byggingarlóð og þar er nú þegar góð aðstaða til útivistar. Það er ekki svipuð aðstaða í næsta nágrenni og er því kjörið tækifæri að hafa svæðið í óbreyttri mynd.

Berglind Axelsdóttir

Bæjarráð samþykkir að tillögunni verði vísað til skipulags- og byggingarnefndar til umsagnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tók:LÁH

Fundargerð samþykkt.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 434, dags. 21.02.2008.

Liður 1 fundargerð framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar, dags. 13.02.2008 (44. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Vísað er í bókun frá 408 fundi bæjarráðs 22. júní 2006 þar sem samþykkt var að fela safna- og menningarmálanefnda að gera drög að samþykktum fyrir Ljósmyndasafns Stykkishólms og nefndin leiti umsagnar framkvæmdanefndar um gjöf Jóhanns Rafnssonar. Samþykkt að ítreka þetta við Safna- og menningarmálanefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Til máls tóku: ELB

Liður 9 bréf Breiðafjarðarfléttunnar um ályktun um samgöngur á svæði Breiðafjarðarfléttunnar, ódags.

Bæjarráð tekur undir ályktanir Breiðafjarðarfléttunnar og leggur sérstaklega áherslu á mikilvægi þess að rekstrargrundvöllur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs sé tryggður. Bætt vegakerfi við Breiðafjörð dregur óverulega úr mikilvægi ferjunnar fyrir samfélögin við Breiðafjörð. Bæjarráð skorar því á Samgönguráðuneytið og Vegagerðina að tryggja framlög til reksturs ferjunnar.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Liður 11 bréf frá SSV varðandi tilnefningu á frumkvöðli Vesturlands 2007, dags. 07.02.2008.

Samþykkt að tilnefna íbúa Stykkishólmsbæjar sem frumkvöðla Vesturlands fyrir frumkvöðlastarf þeirra við flokkun á öllu heimilissorpi. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 12 bréf Vinnueftilits ríkisins, Vesturlandsumdæmis varðandi öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði og öryggisnefndir, dags. 05.02.2008.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna umsjónarmann fasteigna og hafnarvörð sem öryggisverði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 13 umsóknir um starf umsjónarmanns fasteigna.

Þessi liður er tekinn fyrir sérstaklega síðar á fundinum.

Liður 14 drög að samningi við Skipavík um úthlutun lóða í Víkurhverfi.

Drög að samningi lögð fram og vísað til bæjarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að bæjarstjóri geri samning við Skipavík í samræmi við þessi drög.

Til máls tóku: EF,LÁH og GDP

Liður 15 bréf Gunnsteins Ólafssonar hljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, dags. 19.02.2008 varðandi tónleika í Stykkishólmskirkju 9. mars n.k.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 16 tillaga Gretars D. Pálssonar um samkomulag við UMFÍ varðandi tómsunda- og íþróttafulltrúa.

Undirritaður leggur til að samkomulagi við UMFÍ varðandi tómsunda- og íþróttafulltrúa verði slitið. Einnig að bæjarráð geri starfslýsingu fyrir tómsunda- og íþróttafulltrúa og að Stykkishólmsbær ráði í 50% stöðugildi tómsunda- og íþróttafulltrúa.

Greinagerð:

Stykkishólmsbær samþykkti samstarf við UMFÍ varðandi starf tómsunda- og íþróttafulltrúa. UMFÍ tók að sér framkvæmd málsins. Dregist hefur úr

hömlu af hálfu UMFÍ að ráða í starfið. Því er lagt til að ekki verði beðið lengur eftir forgöngu UMFÍ í málinu, Hugmyndir að starfi tómsunda- og íþróttafulltrúa miðuðu að því að viðkomandi ynni að tómsundastarfi barna, unglínga og aldraðra. Gerði tillögur og samræmði það sem í boði væri. Aðstoðaði þau félög og einstaklinga sem standa að félagsstarfi og íþróttum ásamt því að standa fyrir mótahaldi. Ráða átti í 100% starf þar sem viðkomandi átti að starfa sem svæðisfulltrúi á Vesturlandi í hálfu starfi á vegum UMFÍ og í þágu Hólmara í hálfu starfi á vegum Stykkishólmsbæjar.

Þörfin er fyrir hendi og því engin ástæða til að bíða eftir UMFÍ í þessum efnun.

Gretar D. Pálsson

Berglind Axelsdóttir lagði fram eftirfarandi breytingartillögu.

Undirrituð leggur til að samkomulag við UMFÍ varðandi tómsunda- og íþróttafulltrúa verði slitið. Einnig að bæjarráð greini þörf og hagkvæmni á ráðningu í eftirfarandi störf: tómsunda- og íþróttafulltrúa, öldrunarfulltrúa, atvinnufulltrúa og ferðamálafulltrúa. Bæjarráð komi með tillögu um hvort ráðið verði í eitthvert þessara starfa miðað við þörf og hagkvæmni.

Greinargerð

Undirrituð telur ekki full kannað í hvað og hvort ráða ber í áður nefnd störf. Kanna ber hvar þörfin er mest, er hægt að steypa einhverjum af störfunum saman, hvar er ávinningurinn og hver er kostnaðurinn?

Berglind Axelsdóttir

Breytingartillagan var felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Tillaga Gretars var síðan samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Lárus gerði grein fyrir atkvæði sínu. Ég er ekki á móti að ráða í tómsundafulltrúa, telur að meta eigi þörfina á atvinnufulltrúa, ferðamálafulltrúa og æskulýðsfulltrúa, tómsunda- og íþróttafulltrúa.

Bókun Gretars.

Bæjarstjórn samþykkti samstarf við UMFÍ 2006 sem gerði ráð fyrir 50% starfi tómsunda- og íþróttafulltrúa. Gert hefur verið ráð fyrir þessu starfi í fjárhagsáætlun árána 2007 og 2008.

Til máls tóku: LÁH,ELB,ÓG,BA og GDP

Liður 17 tillaga Gretars D. Pálssonar um lóðir til úthlutunar í Víkurhverfi.

Undirritaður leggur til að auglýstar verði lóðir til úthlutunar í Víkurhverfi við götu suðvestan Borgarbrautar (Kakkelfnsholt) næst golfvelli. Götunni verði áfangaskipt og settir verði skilmálar um lágmarksfjölda lóða sem úthluta þurfi til að í gatnagerð verði farið í hverjum áfanga.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að auka valkosti á lóðum, en jafnframt verður að hafa í huga að gatnagerð er mjög kostnaðarsöm og tryggja þarf eins og kostur er að bæjarsjóður þurfi ekki að fjármagna gatnagerð til langs tíma án þess að einhverjar tekjur komi til á móti.

Gretar D. Pálsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,HP og GDP

Liður 18 tillaga Elísabetar Björgvinsdóttur að nöfnum á götur í Víkurhverfi.

Undirrituð leggur til að auglýst verði eftir tillögum íbúa Stykkishólmsbæjar að nöfnum á götur í Víkurhverfi.

Greinargerð:

Nú stendur yfir hönnunarvinna að Víkurhverfi og það styttist í að farið verði í framkvæmdir þar. Það er því nauðsynlegt að götuheiti verði tilbúin sem fyrst. Um fjölda gatna og staðsetningu þeirra verður að vísa til deiliskipulagsteikningar sem liggur fyrir á vefsíðu Stykkishólmsbæjar.

Elísabet L. Björgvinsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 06.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og ELB

2.2. Stjórn Dvalarheimilis, dags. 06.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

2.3. Umhverfisnefnd, dags. 04.02.2008.

Fundargerð framlögð og staðfest.

2.4. Fræðslunefnd, dags. 21.01.2008 og 04.02.2008.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

Tillaga Berglindar, Lárusar og Hreins, vegna fundar frá 21.01.2008.

Tillaga vegna meðferðar fræðslunefndar á tillögu Ingveldar Eyþórsdóttur og Hrefnu Frímansdóttur.

Undirrituð leggja til að tillögu Ingveldar Eyþórsdóttur og Hrefnu Frímansdóttur verði vísað aftur til fræðslunefndar til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Greinargerð

Við teljum ekki fullnægjandi að fræðslunefnd taki ekki tillögur sem berast frá nefndarmönnum til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu. Við teljum að ekki sé rétt að túlka „tillögur“ sem „ábendingu“ eins og gert er í þessu tilviki.

Lárus Ástmar Hannesson

Berglind Axelsdóttir

Hreinn Þorkelsson

Breytingartillaga Gretars.

Bæjarstjórn hvetur fræðslunefnd til að taka tillögu Ingveldar Eyþórsdóttur og Hrefnu Frímansdóttur samanber lið 3 í fundargerð 21.1. 2008, til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Breytingatillaga samþykkt samhljóða.

Tillaga með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: BA og GDP

2.5. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 29.01.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og EF

2.6. Framkvæmdanefnd Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar, dags. 13.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.7. Þjónustuhópur aldaðra, dags. 14.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku:GDP og ELB

3. Ráðning í starf umsjónarmanns fasteigna.

Gretar D. Pálsson víkur af fundi vegna tengsla við umsækjendur um starfið og Símon M. Sturluson kom í stað hans.

Elísabet Lára varaforseti bæjarstjórnar tók við stjórnun fundarins.

Liður 30 frá bæjarráðsfundi 433.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skv. gr. 62 samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar kemur fram að ef stofnuð er ný staða (fast starf) skal bæjarstjórn ákveða hvort um ráðningu í starfið fer skv. 61. gr. eða 62. gr.

Þar sem um nýja stöðu er að ræða sem heyrir beint undir bæjarstjóra leggur bæjarstjóri til að farið verði að gr. 61 þ.e. að bæjarstjórn ráði í starfið.

Samþykkt samhljóða.

Samþykkt að bæjarstjóra verði falið að koma með tillögu að ráðningu að umsjónarmanni fasteigna á næsta bæjarráðsfund.

Afgreiðsla bæjarráðs frá fundi 14.2.2008 liður 30 staðfestur samhljóða.

Samþykkt samhljóða að ráða Berg J. Hjaltalín í starf umsjónarmanns fasteigna samanber lið 13 frá bæjarráðsfundi 434.

Til máls tóku: ELB, EF, ÓG og LÁH

Símon vék af fundi og kom Gretar í hans stað og tók hann við stjórnun fundarins.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:40

Þór Örn Jónsson